



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Reykjavík, 9. apríl 2014.

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu til að draga úr skaðlegum afleiðingum og hliðarverkunum vímuefnaneyslu, til verndar neytendum efnanna, aðstandendum þeirra og samfélaginu í heild. 143. löggjafarþing 2013 -2014, þingskjal nr. 630 – 335. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist framangreind þingsályktunartillaga til umsagnar. Helstu markmið þeirrar stefnu sem lögð er til með tillögunni og MRSÍ tekur heilshugar undir eru; að veita neytendum vímuefna og aðstandendum þeirra mannúðlega þjónustu og öfluga mannréttindavernd, að lágmarka margvísleg skaðvænleg áhrif sem neysla ólöglegra vímuefna hefur fyrir neytendur efnanna, aðstandendur þeirra og samfélagið allt, að auka traust vímuefnaneytenda á stofnanir samfélagsins, að efla rannsóknir og upplýsta umræðu um vímuefni, afleiðingar neyslu þeirra og stefnumótun í málaflokknum og að minnka til lengri tíma eftirspurn eftir ólöglegum vímuefnum.

MRSÍ styður þingsályktunartillöguna og telur að mikilvægt sé að stjórnvöld marki heildstæða stefnu í þessum málaflokki. Ljóst er að ekki hefur verið nægilega skýr stefna í þessum málum fram að þessu og víða pottur brotinn þegar kemur að meðferðarúrræðum og annarri aðstoð við fíkniefnaneytendur og aðstandendur þeirra. Aukinn stuðningur við vímuefnaneytendu, betri þjónusta og forvarnir eru í samræmi við alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar Íslands s.s. vegna samnings Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. En í 12. gr. hans er ákvæði um að ríki beri að viðurkenna rétt sérhvers manns til þess að njóta líkamlegrar og andlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er. Enn fremur ber að líta til þess að í flestum tilfellum hefst neysla vímuefna snemma og ber þá að líta til Barnasáttmála Sp. sem lögfestur hefur verið hér á landi. Í honum er að finna ýmis ákvæði sem leggja skyldur á herðar aðildarríkja til þess m.a. að tryggja að börn fái notið besta heilsufars sem hægt er að tryggja (24. gr.) og gera viðeigandi ráðstafanir til að vernda börn gegn ólöglegri notkun ávana- og fíkniefna (33. gr.). Einnig er fjallað um í 40. gr. að aðildarríki skuli viðurkenna rétt þeirra barna sem eru grunuð, ásökuð eða fundin sek um brot á refsilögum til meðferðar sem styrkir vitund þeirra um eigin göfgi og manngildi og tekur tilliti til aldurs barnsins.

Af þessum ákvæðum má sjá að ávallt beri að bera virðingu fyrir manngildi einstaklingsins þegar stjórnvöld setja fram stefnur í málefnum og er það sérstaklega mikilvægt í málum er líta að heilsu og manngildi einstaklinga.

Virðingarfyllst,
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur

Túngata 14, 1. hæð – 101 Reykjavík - Iceland
Sími/Phone + 354 552 27 20
Netfang/ E-mail: info@mannrettindi.is